

Foreldrafélag Leikskóla Seltjarnarness

Fundargerð

14.04.2014 kl: 8:15

Mættir eru: Anna Harðardóttir, Ásgerður Hrönn Hafstein, Gerður Guðjónsdóttir, Hörður Árnason, Raket Viðarsdóttir og Pálína

Dagskrá næstu mánuði

- 7.maí Maxímús kemur í heimsókn og heldur tvær sýningar. Mánabrekka og Holt kl 9:30 og Sólbrekka kl. 10:30
- 4.júní hestadagur. Krakkahestar koma í heimsókn.

Tölvupóstur

Áminning um að senda út tölvupóst á alla foreldra með upplýsingum um hverjir eru í stjórn foreldrafélagsins ásamt upplýsingum um facebook síðu og tölvupóstfangi foreldrafélagsins (leikskoliseltjarnarness@gmail.com). Í tölvupóstinum væri sniðugt að taka fram dagsetningar um Maxímús og hesta og einnig setja þær inn á facebook síðuna.

Sumarhátíð – 11 júní.

Hugmyndir fyrir sumarhátíðina eru:

- Sirkus: Marion er búin að senda póst. Heyra betur í Marion með hvað þeir bjóða upp á. Ákveðið var að sleppa poppvél og candyfloss.
- Íþróttaálfurinn og Solla stirða koma sem atriði á sumarhátíðina. Atriðið tekur um 30 mín og kostar 60.000 kr.
- Grill: Kristinn ætlar að athuga með pylsur og gos. Sonja ætlar að heyra í Björnsbakarí. Gerður ætlar að athuga með djús. Saga Ormsdóttir sem var í foreldrafélaginu í fyrra var með einhver sambönd varðandi pulsar. Hafa samband við hana.

Önnur mál

- Hugmynd að setja texta á facebooksíðu foreldrafélagsins með upplýsingum um tilgang síðunnar.
- Hugmynd kom um vinnudag foreldra. Anna ætlar að skoða málið og nefna þetta við aðra starfsmenn.
- Hugmynd kom um að setja inn yfirlýsingu frá foreldrafélaginu og minna á afmælisreglur í leikskólanum v. atviks sem átti sér stað á Sólbrekku.
- Ákveðið hefur verið að fá ljósmyndara til að mynda börnin. Pálína ætlar að hafa samband við ljósmyndara sem hún þekkir. Síðustu ár hefur Erlingur ljósmyndari komið og myndað börnin en ætlum að skoða aðra kosti líka.
- Ath. með að kaupa andlitsmálningu fyrir börnin fyrir sumarhátíðina og athuga hvort að starfsmenn leikskólans séu tilbúnir til að mála börnin þann daginn.
- Eftirstöðvar á reikning foreldrafélagsins eru 420.000 kr. Þá á eftir að kaupa pulsar, pulsubrauð og drykki fyrir sumarhátíð. Einnig andlitsmálningu, útskriftarferð elstu deildar (19.maí), íssjóður? , hoppukastali? , leikföng á deildir? .

Fundi slitið kl: 09:15

Fundarritari: Gerður Guðjónsdóttir